

Rögnvaldur Ólafsson við nýja frystihúsið.

Hraðfrystihús Hellissands tekið í notkun:

Afkastagetan næg en fólkið vantar

— segir Rögnvaldur Ólafsson, framkvæmdastjóri

„ÞETTA gengur ljómandi vel. Við byrjuðum að vinna í nýja húsinu á föstudag og allt gengur eins og vera ber. Það er bara vandamálið að fá fólk til vinnu. Hráefnið og afkastagetan er næg,“ sagði Rögnvaldur Ólafsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Hellissands í samtali við Morgunblaðið.

Hraðfrystihús Hellissands brann árið 1983, en hið nýja hús hefur verið reist við höfnina á

Rífi. Rögnvaldur sagði, að það væri vissulega munur að vera svona nálægt höfninni, en talsvert óhagræði væri á hinn bóginn að því, að vera með vinnsluna á tveimur stöðum. Saltfiskvinnsla og slæging væri úti á Sandi, en frystingin á Rífi. Því þyrfti til dæmis að keyra allan fiskinn út eftir til að slægja hann, áður en frekari vinnsla á Rífi hæfist.

Í næstu viku væri síðan fyrir-

hugað að hefja undirbúning að surimi-vinnslunni, sem ætlunin væri að gera tilraunir með. Vinnsla gæti þá hugsanlega hafizt mjög fljótlega.


„Okkur vantar bara fólk, eins og 10 kennara. Það er velkomið að taka við þeim og sýna hvernig það er að vinna í fiski, ef þeir sætta sig við launin,“ sagði Rögnvaldur Ólafsson.

Ný kennslubók í bókmenntasögu

ÚT ER komin hjá Forlaginu ný bók eftir Heimi Pálsson, Frásagnarlist fyrri alda, íslensk bókmenntasaga frá landnámsöld til síðskipta. Bókmenntasaga þessi er einkum ætluð til kennslu á framhaldsskólastigi en hentar jafnframt öllum þeim sem fýsir í læsilegan fróðleik um íslenskar fornþekktir, segir í frétt frá Forlaginu.

Í fréttinni segir ennfremur: „Frásagnarlist fyrri alda skiptist í þrjú meginakfla. Í þeim fyrsta er fjallað um skeið óskráðra bókmennta: eddukvæði og dróttkvæði. Annar kaflinn og sá ítarlegasti fjallar um sagnaritun miðalda. Þar er gerð grein fyrir öllum greinum lausamálsbókmennta á tímabilinu 1100–1350, fjallað um hugmyndaheim sagnanna sem og listræn einkenni þeirra og rætt um það samfélag sem skóp þær. Þriðji og síðari kaflinn fjallar svo um blómaskeið rimna og sagnadansa.

Frásagnarlist fyrri alda er prýdd miklum fjölda mynda sem veita lesendum innsýn í myndlist og menningu miðalda. Hrafnhildur Schram listfræðingur annaðist



Heimir Pálsson

val myndanna. Þá eru í bókinni vandaðir itarefnalistar með ábendingum um hvert sækja meg frekari fróðleik. Síðar í vetur er svo væntanleg sérstök kennarahandbók sem höfundur tekur saman kennurum til stuðnings.“

Frásagnarlist fyrri alda er 191 bls. Ragnheiður Kristjánsdóttir hannaði kápu. Prentsmiðjan Oddi hf. prentaði.

Tíu ára afmælissýning textílfélagsins á Kjarvalsstöðum

Textílfélag Íslands er tíu ára um þessar mundir og af því tilefni verður efnitil samsýning 29 textilhönnuða að Kjarvalsstöðum dagana 16. mars til 7. apríl.

Sýning þessi er stærsta samsýning félagsins, en áður hafa verið haldnar þrjár samsýningar félagsins í Reykjavík auk fleiri sýninga úti á landi. Í textílfélaginu starfa nú 40 félagar að ýmsum greinum textillistarinnar svo sem vefnaði, tauprykki, fatahönnun, mynsturhönnun, þróni, bútasam og textílskulptúr.

Textílfélag Íslands hefur unnið með samnorræna textíltríennalunum sem stendur að samsýningum

viðs vegar á Norðurlöndunum. Á meðan á sýningunni stendur munu tveir félagar félagsins halda fyrirlestra í tengslum við sýninguna. Sigríður Halldórsdóttir, vefnaðarkennari, mun flytja fyrirlestur sunnudaginn 31. mars klukkan 20.00, sem hún nefnir Kljasteina-vefstaðinn. Hulda Jósefsdóttir, textilhönnuður, mun síðan flytja fyrirlestur miðvikudaginn 3. apríl klukkan 20.00 um norræna þrónahefð. Þá hefur textílfélagið látið gera myndband til kynningar á listamönnunum og verkum þeirra. Félagið hefur gefið út félagatal prýtt myndum.

Sýningin verður opin alla daga frá 14.00 til 22.00.



Úr vinnslusal nýja frystihússins.



ÚR STJÓRNSTÖÐINNI: Íbjúgt mælaborð með nýstárlegu fyrirkomulagi mæla og rofa. — Allt til að auka á öryggi og vellíðan þeirra, sem í bílnum eru.



LANCER

1985 ÁRGERÐIN FRÁ MITSUBISHI

5 manna „drossía“ með framhjóladrifi

6 ÁRA RYÐVARNARÁBYRGÐ

Verð frá kr. 394.900,-



ÚR BETRI STOFUNNI: Í Lancer '85 skiptir vaxtarlagið engu. Með ótal möguleikum á stillingu, verða sætin jafn þægileg fyrir alla.

Lancer er ótrúlega sparneytinn bíll. Aðeins 5,5 l 100/km í utanbæjarakstri (1500GLX).

GLÆSILEGUR LÚXUSVAGN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

HEKLA HF
Laugavegi 170-172 Sími 212 40

HVAÐ VELDUR?

- Mjög lágur vindstuðull = 0,38.
- Hagstæð þungadreifing á framhjól.
- Girkassi með 5 hraðastig - þar af einn yfírgír.
- Hlutfall milli orku og þunga mjög hagkvæmt.
- Léttari vél með betri nýtingu.